

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps vegna íbúðarbyggðar, verslunar og þjónustu og svæðis fyrir samfélagsþjónustu í Vík.

Skipulagsstofnun staðfesti 7. janúar 2024 breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2021-2033 sem samþykkt var í sveitarstjórn 18. september 2024.

Í breytingunni er gert ráð fyrir lítilsháttar stækkun íbúðarbyggðar (ÍB7) og fjölgun íbúða um 20, skilgreindur er reitur fyrir samfélagsþjónustu (S6) ætlaður fyrir hjúkrunarheimili og þjónustu við aldraða og nýtt verslunar- og þjónustusvæði (VP44) allt að 1,2 ha að stærð með hámarksbyggingarmagn allt að 6.000 m². Verslunar- og þjónustusvæði (VP6) minnkar sem nemur breytingunum og fer hámarksbyggingarmagn úr 6.600 m² í 2.000 m² og fjöldi gistirúma úr 40 í 80.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 7. janúar 2025.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 21. janúar 2025